

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 20/2016**

2017/EES/45/20

frá 5. febrúar 2016

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1936 frá 8. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis loftræstirása og röralagna fyrir loftræstingu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1958 frá 1. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1959 frá 1. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis fráveitubúnaðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 <sup>(3)</sup>.
- 4) Ákvörðun (ESB) 2015/1958 fellir niður tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/581/EBE <sup>(4)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) Ákvörðun (ESB) 2015/1959 fellir niður tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/464/EBE <sup>(5)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/656/ESB):

„1zzg. **32015 D 1936**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1936 frá 8. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis loftræstirása og röralagna fyrir loftræstingu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjttíð. ESB L 282, 28.10.2015, bls. 34).

1zzh. **32015 D 1958**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1958 frá 1. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis gerviefna til jarðtæknilegra nota og skyldra vara samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjttíð. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 181).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 282, 28.10.2015, bls. 34.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 181.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 184.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB L 254, 8.10.1996, bls. 59.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. ESB L 198, 25.7.1997, bls. 33.

- 1zzi. **32015 D 1959**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1959 frá 1. júlí 2015 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis fráveitubúnaðar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjórð. ESB L 284, 30.10.2015, bls. 184).“
2. Texti liðar 1f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/581/EB) og liðar 1n (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/464/EB) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 2015/1936, (ESB) nr. 2015/1958 og (ESB) nr. 2015/1959, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.